

Lög

um

viðauka við lög nr. 12, 12 ágúst 1918, um stimpilgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, eins fljótt og vörða má, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendur eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla þannig, að reikningar um allskonar leikföng og allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru, stimplast með 15% af verðinu, en reikningar um allar aðrar vörur með 1%. Verði ágreiningur um flokkunina, fellir stjórnarráðið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi kaupanda í hendur eða umboðsmanni hans innan tveggja mánaða frá móttöku hennar, og er kaupandi eða umboðsmaður hans þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í blut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um, að hann hafi engan reikning meðtekið og hvað hann álitir, að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvorttveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri.

Yfirlýsing þessi skal vera þannig sundurliðuð, að hið áætlaða verð hverrar vöru- tegundar sjáist.

3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu, og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum, allt að 100 kr. fyrir dag hvern, og má tiltaka sektina í brjefi eða símskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða gefur vísvitandi ranga yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það, er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Nr. 2

Ef lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsóku er lokið. 15. mars

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farmskrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, skal greiða gjald það, er ræðir um í lögum þessum, til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda, og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frímerkjum, sem póstpjónn stimplar og límir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frímerkja telst með pósttekjum.

Af dagblöðum greiðist ekkert gjald.

Af vörum, sem póstkrafa hvílir á, telst gjaldið af fjárhæð póstkröfunnar.

Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann, og telst þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr., og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr.

8. gr.

Um reikningskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem um annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 15. mars 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.